


Náms- og kennsluáætlun – Vorönn 2024

UMHV1FR05

Kennarar	Bryndís Garðarsdóttir: bryndis.gardarsdottir@fss.is Jón Gunnar Schram: jon.schram@fss.is Sveinn Ólafur Magnússon: sveinn.magnusson@fss.is	
Viðtalstími	Bryndís Garðars: Þriðjudag 9.20-10.00 Jón Gunnar: Þriðjudag 13.00 – 13.40 Sveinn Ólafur: Mánudag 10:20 – 11:00	
Námsefni	Námsefni er á INNU. Náttúra til framtíðar.pdf Rafbók	
Áfangalýsing	Áfanginn byggist að verulegu leyti á verkefnavinnu í kennslustundum þar sem nemendur vinna verkefni sín undir leiðsögn kennara. Námið fer fram bæði innan og utan skólans og sækja nemendur sér fróðleik og gögn á fjölbreytta vegu. Virk þátttaka nemenda í eigin námi liggur til grundvallar og því er mikið lagt upp úr að auka áhuga þeirra á umhverfi sínu og náminu almennt. Einkunnarorð áfangans eru samvinna og ábyrgð.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Þekking, leikni og hæfni verða metin með fjölbreyttum hætti. Má þar nefna leiðsagnarmat þar sem lögð er áhersla á leiðbeinandi endurgjöf, markvissar spurningar, sjálfs- og jafningjamat. Einnig er þátttaka og virkni nemanda metin í umræðum og hópastarfi. Vinnubókaverkefni skulu vera handskrifuð á góðri íslensku.		
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>	Sleppikerfi <input type="checkbox"/>
	Heiti		Vægi
	Frásagnir (verkefnaflokkur á INNU)		40%
	Önnur skilaverkefni á INNU		40%
	Vinnubók		20%

Reglur áfanga	<p>Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Nemandi þarf að ná 4,5 í einkunn til þess að standast áfangann. Ekkert lokapróf er í áfanganum og öll verkefni hafa áhrif á lokaeinkunn.</p> <p>Mæting og þátttaka í tímum skipta miklu máli til þess að ná góðum árangri.</p> <p>Stoðtímar eru vörður á önninni og ekki má skila verkefnum eftir þann tíma.</p> <p>Símar eru aðeins leyfðir sem vinnutæki, vinsamlegast virðið það!</p>
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Utanhald áfangans verður á INNU. Þar er að finna lesefni, verkefni og skilamöppur. Virðið skilafrest. Skrifa skal á góðri íslensku.
--	--

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hugtökum eins og sjálfbærni, auðlindir, landnýting og vistfræði. • áhrifum mannsins á náttúruna og eigin ábyrgð. • samspil manns og umhverfis. • viðfangsefnum sem eru áberandi í þjóðfélagsumræðu á hverjum tíma í tengslum við markmið áfangans. 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • afla sér upplýsinga um umhverfi sitt. • kynna málefni úr fréttum eða fjölmiðlum sem tengjast umhverfismálum.
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • meta upplýsingar og vinna með þær á gagnrýnan hátt þannig að þær skili honum þekkingu og aukinni hæfni til náms í umhverfisfræði. • geta gert sér grein fyrir sjónarmiðum sínum og skoðunum, geti skipst á skoðunum við aðra og útskýrt hugmyndir sínar fyrir samnemendum. • draga skynsamlegar ályktanir um ábyrgð sína í tengslum við umhverfis- og náttúruvernd og hve mikilvægt framlag hvers einstaklings er. • greina stöðu sína í umhverfinu sem hann lifir í, bæði samfélaginu og náttúrulegu umhverfi. • skilja mikilvægi þess að jafnrétti ríki í verkefnavinnu og umræðum. 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Stærri verkefni	15 klst.	15 klst.
Alls		95 klst. = 5 feim*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 4. - 14. janúar	Kynning á áfanga Kafli í kennslubók: Lífið er fjölbreytt.	Verkefni verða fleiri en þessi. Hugtök 1 Vinnubók. Spurningar úr lesefni 1
2. vika 15. - 21. janúar	Kafli: Lífið er fjölbreytt	Sjálfbær fjölskylda Umhverfismerki
3. vika 22. - 28. janúar	Kafli: Lífið er fjölbreytt	Frásögn 3: Lífið á norðurslóðum Frásögn 2: Lykiltegundir
4. vika 29. janúar - 4. febrúar	Kafli: Tap á lífbreytileika	Hugtök 2 Spurningar úr lesefni 2 Frásögn 8: Heimili sem hverfa
5. vika 5. - 11. febrúar	Kafli: Tap á lífbreytileika	Frásögn 5: Tegundir á flakki
6. vika 12. - 18. febrúar	Kafli: Tap á lífbreytileika	Mengun Frásögn 10: Mengun er alls konar
7. vika 19. - 25. Febrúar <i>Þemadagur</i>	Kafli: Tap á lífbreytileika Loftslagsmálin	Dýr í útrýmingarhættu – nemendakynningar
8. vika 26. febrúar - 3. Mars <i>Námsmatsdagur</i>	Kafli: Loftslagsmálin	Hugtök 3 Spurningar úr lesefni 3 Skil á vinnubók (fyrri hluti)
9. vika 4. - 10. mars <i>Miðannarmat</i>	Kafli: Loftslagsmálin	Viðtalsverkefni Falsfréttaverkefni
10. vika 11. - 17. mars	Kafli: Loftslagsmálin	Vistspor
11. vika 18. - 24. mars <i>Starfshlaup – Páskafrí hefst</i>	Hringrásir	Hugtök 4 Spurningar úr lesefni 4 Hringrásir - verkefni
12. vika 2. - 7. apríl	Gróður og jarðvegseyðing Vistheimt	Vefleiðangur
13. vika 8. - 14. apríl	Alþjóðlegt samstarf	Verkefni 6: Heimsmarkmiðin
14. vika 15. - 21. apríl	Alþjóðlegt samstarf	Vefleiðangur
15. vika 22. - 28. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Alþjóðlegt samstarf	Myndaverkefni - Endir
16. vika 29. apríl - 5. maí	Siðferði. Lög.	Umhverfisábyrgð. Umhverfisfræði og siðferði
17. vika 6. – 10. maí	Frágangur á vinnubók fyrir skil.	Skil á vinnubók (seinni hluti)

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Bryndís Garðarsdóttir

Sveinn Ólafur Magnússon

Jón Gunnar Schram

Fjölbrautaskóli Suðurnesja